



Flesjakór 15


Umsókn um fjölgun bílastæða

One:24042761

Dags. 02.05.2024

Umsögn

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa lóðar nr. 15 við Flesjakór um að fjölga bílastæðum úr 3 í 4 eins og gert var við Flesjakór 13 sem er samtengt parhús.





Skipulagsleg staða

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 staðfest 28. desember 2021.

Gildandi deiliskipulag: "Hörðuvellir (Vatnsendi)" samþykkt 24.07.2003. Reitur 2, svæði 8.

Veruleg breyting "Flesjakór 3-12 og Hörðukór 2" samþykkt 23.04.2004.

Lóðarblað samþykkt 24.07.2003 sýnir 2 bílastæði við Flesjakór 15.



Rýni út frá markmiðum í Aðalskipulagi og rammahluta

7.1 Meginmarkmið rammahluta aðalskipulags:

Í hverfum skal stuðla að því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og stuðla að aukinni sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla og gönguleiðir og almenningssamgöngur. Stefnt er að greiðum og öruggum samgönguleiðum milli heimili, skóla, verslana, leikskóla og biðstöðva almenningssamgangna.



Rýni út frá verkfærakistu fyrir þróun byggðar í Kópavogi

Gróður og gegndræpi - Leitast ætti við að hámarka gegndræpt yfirborð lóðar til að styðja við blágrænar ofanvatnslausnir. Gera skal ráð fyrir gróðri eða öðru uppbroti á lóðarmörkum við götu til að viðhalda grænu yfirbragði í götumyndinni.

Úr leiðbeiningum fyrir fjölgun íbúða: Ný bílastæði skulu vera í beinum tengslum við stæði sem fyrir eru og ekki er heimilt að fjölga innkeyrslum að lóðinni.

Úr gátlista um gæði byggðar: Bílastæði á yfirborði séu ekki yfirgnæfandi í byggðinni, staðsett í skugga, fegruð með gróðri.

Fordæmi

Á fundi skipulagsráðs 21. desember 2021 var samþykkt erindi lóðarhafa Flesjakórs 13 þar sem óskað var eftir að lækka kantstein til að fjölga bílastæðum á lóðinni úr tveimur í þrjú.

Aðalskipulag Kópavogs 2019 - 2040 staðfest 28. desember 2021.

Loftmynd 2013



Loftmynd 2023



Öll hús við Flesjakór hafa fleiri en 2 bílastæði og flest frá upphafi eins og sjá má á loftmynd frá 2013.

Umsögn

Umferðaröryggi gangandi vegfarenda (þ.m.t grunnskólabarna á leið í skólann) mun minnka ef bílastæðum fjölgar þar sem keyrt er yfir gangstétt. Einnig myndi sameiginlegum bílastæðum í götunni fækka ef innkeyrslan er breikkuð.

Niðurlag

Markmið Aðalskipulags fyrir Vatnsenda eru að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Gera skal ráð fyrir gróðri eða öðru uppbroti á lóðarmörkum við götu til að viðhalda grænu yfirbragði í götumyndinni samkvæmt verkfærakistu fyrir þróun byggðar í Kópavogi. Umferðaröryggi gangandi vegfarenda (þ.m.t grunnskólabarna á leið í skólann) mun minnka ef innkeyrsla er breikkuð þar sem keyrt er yfir gangstétt ásamt því að sameiginlegum bílastæðum í götunni myndi fækka ef innkeyrslan er breikkuð.

Þar sem fjölmörg fordæmi um fleiri en 2 bílastæði eru í götunni og breyting ekki úr takt við aðliggjandi lóðir, þá lítur skipulagsdeild jákvætt á erindið.

Skipulagsdeild hvetur lóðarhafa við Flesjakór að skoða það að hafa bílastæði með gegndræpu yfirborði s.s. hellulögn eða grasstein, sem gras getur vaxið upp úr og leitast við að fegra bílastæði með gróðri og/eða gróðurkerjum. Hægt er að skoða Verkfærakistu fyrir þróun byggjar í Kópavogi í þessu samhengi.